

Fimmtugasti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 4. febrúar 2020 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 12:00.

Mættir, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Örvar Þór Guðmundson, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Hafsteinn Pálsson og Linda Björk Ragnarsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

Eftirfarandi embættisfærslur heilbrigðiseftirlits voru lagðar fram.

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og tóbaksleyfi.

- 1.2 Ingveldur Hjálmarsdóttir f.h. Aristó hárstofa ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri hársnyrtistofu að Háholti 14 í Mosfellsbæ. Starfsleyfið var gefið út til 12 ára þann 27. janúar 2020 með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar.
- 1.3 Björn Leifsson sækir um starfsleyfi fyrir Laugar ehf. heilsurækt, Lækjarhlíð 1a, Mosfellsbæ. Starfsleyfi var gefið út til 12. ára þann 15. janúar 2020 með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir íþróttamannvirki og líkamsræktarstöðvar sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar.
- 1.4 Björn Leifsson sækir um starfsleyfi fyrir Laugar ehf. heilsurækt við Suðurströnd Seltjarnarnesi. Starfsleyfi var gefið út til 12. ára þann 15. janúar 2020 með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir íþróttamannvirki og líkamsræktarstöðvar sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar.

Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvarna.

- 1.5 Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Ístak geymslusvæði. Þann 11. janúar 2019 sækir Ístak hf. um starfsleyfi fyrir geymslusvæði fyrir búnað og tæki Ístaks að Tungumelum á 2,35 ha lóð. Starfsleyfið var auglýst með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem valdið getur mengun. Fyrir liggur umsögn Mosfellsbæjar um starfsleyfið. Starfsleyfið er auglýst frá 5. desember - 2. janúar 2020. Fyrir liggur samkomulag um stofnun og leigu lóðar af Mosfellsbæ dagsett 2. febrúar 2019. Engar athugasemdir bárust. Starfsleyfið var gefið út til 12 ára þann 6. janúar 2020.
- 1.6 Greinargerð vegna starfsleyfisútgáfu fyrir Ísfugl ehf. í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umsókn um starfsleyfi barst þann 13. nóvember 2019 og í framhaldi unnið að endurskoðun starfsleyfisskilyrða. Haldinn var samráðsfundur með Mosfellsbæ þar sem fram kom að fíta frá fyrirtækinu er að valda vandræðum í fráveitukerfinu auk þess sem fíta af plani er leidd í grjótpúkk sem fyllist á þriggja ára fresti og er þá endurnýjað. Þörf var talin á að setja inn ákvæði sem felur í sér betri mengunarvarnir til að taka á hvoru tveggja og er gert ráð fyrir að fyrirtækinu verði gefinn aðlögunartími til að bregðast við þessari auknu kröfu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Starfsleyfið var auglýst frá 17. desember 2019 – 14. janúar 2020. Engar athugasemdir bárust og starfsleyfið því gefið út til 12 ára þann 15. janúar 2020 eins og það var auglýst.

2. Umsagnir:

Eftirfarandi embættisfærslur heilbrigðiseftirlits voru lagðar fram.

2.1. Umsagnir um erindi sýslumanns.

- 2.1.1. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 3. febrúar 2020 þar sem óskað var umsagnar um tækifærisleyfi fyrir Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. kt. 490108-0310, í tilefni af árs hátíð nemendafélagsins, sem haldin verður í Hlégarði í Mosfellsbæ þann 13. febrúar frá kl. 18:00 til kl. 23.00.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 3. febrúar 2020.
- 2.1.2. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. janúar 2020 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir lengri opnunartíma í tilefni af Superbowl sem halda á á staðnum Barion að Þverholti 1 í Mosfellsbæ frá kl. 23:00 þann 2. febrúar til kl. 6.00 þann 3. febrúar.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 15. janúar 2020.
- 2.1.3. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 9. janúar 2020 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir þorrablótí Aftureldingar í Íþróttamiðstöðinni að Varmá þann 25. janúar n.k.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 15. janúar 2020.
- 2.1.4. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. janúar 2020 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir lengri opnunartíma í tilefni af UFC bardagakvöldi í Las Vegas, sem verður á staðnum Barion að Þverholti 1 í Mosfellsbæ þann 19. janúar frá kl. 1:00 til kl. 6.00.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 16. janúar 2020.

2.2. Umsagnir um skipulag.

- 2.2.1. Lagt fram tölvubréf byggingarfulltrúans á Seltjarnarnesi þar sem kynnt eru áform um að reisa búsetukjarna fyrir fatlað fólk á nýrri lóð við Kirkjubraut á Seltjarnarnesi. Með erindinu fylgir lýsing fyrir breytingar á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæða.

Heilbrigðiseftirlitið gerir engar athugasemdir við málið á þessu stigi.

3. Samþykkt nr. 1300/2019 um Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Heilbrigðisnefnd bíður eftir tillögum frá sveitarstjórnnum um breytingar á ofangreindri samþykkt.

4. Önnur mál

- a. Kynnt verður reglugerð nr. 1265/2019 um breytingu á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Fram kemur að heilbrigðisnefnd geti heimilað gæludýr í strætó að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- b. Lögð fram skýrsla náttúrustofu Norðurlands vestra: Örplast í hafinu við Ísland, helstu uppsprettur magn og farvegir í umhverfinu eftir Valtý

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Sigurðsson og Pétur Halldórsson, skýrslan var unnin fyrir Umhverfisstofnun.

Fundi var slitið kl. 13:40.